



**MENNTASKÓLINN  
AÐ LAUGARVATNI**

manngildi, þekking, atorka

# ÁRSSKÝRSLA 2021



Jóna Katrín Hilmarsdóttir

ML 840 Laugarvatn



## EFNISYFIRLIT

Ávarp skólameistara.....	2
Fjárhagsleg afkoma .....	3
Starfsfólk .....	3
Kennarar.....	3
Viðtöl við starfsfólk .....	4
Starfsþróun .....	5
Símenntun og endurmenntun.....	5
Starfendarannsóknir .....	6
Fræðsla innanhúss fyrir starfsfólk ML.....	7
Nám og kennsla.....	7
Nemendur .....	7
Námsbrautir – heildarfjöldi, kyn, bekkur .....	8
Mæting.....	9
Brotthvarf.....	9
Endurskoðun námskrár .....	10
Námsaðstaða og fjölbreytni.....	10
Covid tímalína – ML 2021 .....	11
verkefni og áherslur .....	12
Verkefnastjórar .....	12
Umhverfismál.....	12
Jafnréttismál .....	13
Kynningarmál .....	13
HeF og forvarnarmál .....	14
Kórin.....	15
Bókasafnið.....	16
Upplýsingatækni .....	16
Gæðamál, tæknimál og fleira.....	16
Innra og ytra mat .....	16
Framkvæmdir .....	17
Árið 2021 í hnotskurn .....	18

## ÁVARP SKÓLAMEISTARA

Eins og fuglinn Fönix rís úr öskunni snýr íslenskt menntasamfélag aftur til starfa í, að við vonum öll, veirulausum veruleika. Eftir skerta starfsemi undanfarin misseri gefst nú færi á að stefna að hefðbundnu skólastarfi. Ýmislegt hefur breyst í meðförum veirunnar og því ekki úr vegi að huga vel að sér og sínum. Eftir strembna baráttu við utanaðkomandi vá verður nú rými til að beina sjónum betur inn á við.

Brotthvarf frá Menntaskólanum að Laugarvatni er áfram í lágmarki og er stefna skólans er að viðhalda því með því að huga áfram að heilsu og líðan sinna nemenda. Fræðsla um heilbrigða lífshætti og heillavænlegt lífverni verður áfram í forgrunni næstu misserin. Til að takast á við ákveðna lausung sem orðið hefur á skólastarfinu í heimsfaraldri Covid-19 hefur starfsfólk Menntaskólans að Laugarvatni tekið skipulagið almennt til endurskoðunar. Breyting á eyktaskipulagi verður því keyrð í gegn næsta vetur. Samkvæmt nýju eyktaplani mun kennsla hefjast seinna en ella og þá er vonin sú að nemendur nái heildstæðari svefni. Eins er ætlunin að Menntaskólinn sé fjölskylduvænn vinnustaður og því ætti meira svigrúm að skapast að morgni fyrir þá kennara sem þurfa að koma börnum í leik- og grunnskóla.



Stefnt er að því að nýtt list- og verkkenndurými verði tekið til notkunar á haustönn 2022 en framkvæmdir töfðust vegna endurskipulagningar hjá Fasteignum ríkisins. Nú eru framkvæmdir aftur komnar á dagskrá en óljóst hvort erfiðleikar í heimsmálum muni skapa vandkvæði við útvegum efnis til framkvæmda. En það er bjart framundan hjá ML þegar hægt verður að bjóða myndlistarnemum upp á góða aðstöðu og að auki hægt að bjóða upp á fatasaum, hljóðupptökur og aðra spennandi möguleika í nýju kennslurými.

Góður grunnur inn í frekara nám er nú sem endranær markmið Menntaskólans að Laugarvatni og leggjum við okkur hér fram við að tryggja nemendum okkar þann grunn sem þau treysta á í framtíðinni. Stúdentsprófið opnar fjölmargar dyr í menntasamfélaginu bæði hérlendis og erlendis og áhersla er lögð á það hér við Menntaskólann að Laugarvatni að sá grunnur sem nemendur hér útskrifast með sé traustur og áreiðanlegur. Komandi misseri munu svo fara í að styrkja tengsl innra starfi skólans því maður er einnig manns gaman og nemendur búa að þétu tengslaneti og vinaböndum sem myndast í einstöku umhverfi á Laugarvatni.

Jóna Katrín Hilmarsdóttir  
Laugarvatni, apríl 2022

Útivistaráfangi.  
Nemendur sigla á  
Laugarvatni vorið 2021



## FJÁRHAGSLEG AFKOMA

Menntaskólinn að Laugarvatni er ríkisaðili í A-hluta ríkissjóðs. Skólinn er framhalds- og heimavistarskóli sem starfar eftir bekkjakerfi. Nánast allir nemendur skólans dvelja á heimavist og kaupa fæði í mötuneyti skólans. Starfsemi stofnunarinnar fellur undir málefnasvið 20 og málaflokk 10 samkvæmt flokkun í fjárlögum.

Á fjárlögum 2021 voru fjárveitingar til Menntaskólans að Laugarvatni 388,2 milljónir króna og fjárfestingarheimild var 7,3 milljónir króna. Á milli ára var fluttur 16,5 milljóna króna rekstrarhagnaður frá árinu 2020.

Ársveltan var 452,3 milljónir og afkoma -21,5 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi var hrein eign neikvæð um 5 milljónir í árslok og eignir samtals 54,7 milljónir. Rekstrarhagnaður frá árinu 2020 hefur verið nýttur.

## STARFSFÓLK

Á skrifstofu skólans starfa, auk skólameistara, áfangastjóri í 50% starfi, skólafulltrúi/ritari í 100% starfi og náms- og starfsráðgjafi í 50% starfi. Frá vormánuðum 2021 og út árið starfaði tímabundið við skólann aðstoðarskólameistari í 50% starfi. Þá sinnir verkefnastjóri UT-mála í 50% starfi stoðþjónustu við starfsmenn og nemendur. Gæðastjóri í 50% starfshlutfalli hefur umsjón með innleiðingu gæðakerfis og fleiri kerfislægra þátta. Á bókasafni er forstöðumaður í 60% starfi. Fjármálastjóri skólans er í 40% starfi og sem gjaldkeri Mötuneytis Menntaskólans að Laugarvatni í 60% starfshlutfalli. Eins er umsjónarmaður fasteigna í 100% starfi en hann gegnir einnig starfi húsbónda á heimavistum.

Á heimavist starfa, auk húsbónda, húsfreyja í 50% starfi og tveir vistarverðir í 50% starfi hvor. Sex starfsmenn vinna við ræstingu skólahúsnæðis og heimavista í tímamældri ákvæðisvinnu á starfstíma skóla, níu mánaða ráðningu.

Í mötuneyti starfa, auk bryta í 100% starfi, fjórir aðstoðarmatráðar í 100% starfi hver (á níu mánaða ráðningu) svo og gjaldkeri, sem jafnframt er bókari, í 60% starfi. Gjaldkeri mötuneytisins er einnig í 40% starfi sem fjármálastjóri við skólann, sjá ofar.

Í þvottahúsi er einn starfsmaður í 100% starfi á ársráðningu. Sú breyting varð á árinu 2021 að hingað til höfðu stöðugildi í þvottahúsi verið 1,73 á níu mánaða ráðningu en var því breytt þannig að nú er einn starfsmaður í þvottahúsi á heilsárs ráðningu.

Elfar Þór Bragason sálfræðingur starfar við skólann sem verktaki. Hann kemur í skólann tvo til fjóra daga í mánuði og hefur aðstöðu til að taka á móti nemendum sem þurfa á sálfræðiþjónustu að halda.

## KENRARAR

Starfshlutfall við kennslu tilgreint eftir kyni. Nokkrir kennarar eru í öðru starfi samhliða kennslu s.s. áfangastjóri (50% starf), náms- og starfsráðgjafi (50% starf) og verkefnastjóri gæðamála en eingöngu kennsluhluti þeirra er í töflunni.

Starfshlutfall við kennslu	Fjöldi vor 21	kk	kvk	Fjöldi haust 21	kk	kvk
80-100%	9	3	6	9	3	6
50-75%	4	1	3	5	1	4
Minna en 50%	4	2	2	4	1	3
	<b>17</b>	<b>6</b>	<b>11</b>	<b>18</b>	<b>5</b>	<b>13</b>

Meðalaldur kennara var 44,8 ár.

Taflan hér við hliðina sýnir aldursdreifingu kennara við ML 2021. Haustið 2021 voru 65% kennara við skólann með 10 ára starfsreynslu eða meira.

Starfsaldur	Fjöldi vor 21	Fjöldi haust 21
>15 ár	4	7
10-14 ár	6	6
5-9 ár	4	2
0-4 ár	4	5

## VIÐTÖL VIÐ STARFSFÓLK

**Nafn:** Hildur Hálfðanardóttir

**Starf:** Skólafulltrúi/ritari við Menntaskólann að Laugarvatni.

**Hvað gerir þú í vinnunni:** Vinna mín er mjög fjölbætt og fjölbreytt, í henni felst t.d.: skjalaflokkun, rita fundargerðir, svara símtölum og tölvupóstum, skráning í tengslum við starfsmanna- og nemendamál og síðast en ekki síst hella upp á kaffi og alltaf alltaf hafa nóg af kexi upp á kennarastofu 😊

**Hvaðan ertu?** Ég ólst upp í Selás í Árbænum. Fjölskyldan mín á sumarhústað í landi prentara í Miðdal, þar vorum og erum við í öllum fríum og flestar helgar, svo ég vil meina að ég sé svolítið mikið héðan líka. Ég eyddi öllum mínum sumrum hér og hef unnið á öðrum hverjum vinnustað í þorpinu.

**Menntun:** Útskrifaðist úr Menntaskólanum að Laugarvatni árið 2004. Árið 2007 fór ég í kennaraháskólann og er leiks- og grunnskólakennari. Fór síðan aftur í skóla 2016 og fékk mér diplómu í stjórnun menntastofnana. Svo er spurning hvað ég geri næst.

**Fyrri störf:** Eins og ég kom inn á hér að ofan hef ég unnið að nokkrum vinnustöðum á Laugarvatni, þar á meðal búðinni (H-sel, eða það hét hún í gamla daga) og farfuglaheimili Laugarvatni. Í seinni tíð hef ég unnið á þremur leikskólum, byrjaði sem leiðbeinandi á Efstahjalla leikskóla, fór svo í kennaranámið þar sem ég sá að þessi vinna var akkúrat fyrir mig, vinna með fólki og mjög fjölbreytt starf. Ég og maðurinn minn fluttum til Köben eftir að ég útskrifaðist, ég fór að vinna á leikskóla á Kolleginu sem ég bjó á. Þegar ég kom aftur heim fór ég að vinna á leikskólanum Álfaheiði. Við fjölskyldan ákváðum að flytja á Laugarvatn þar sem ég sótti um stöðu ritara/fulltúra.

**Af hverju vinnurðu við ML?** Ég þekki skólann vel þar sem ég stundaði nám hér í fjögur ár, vissi að hér væri góður andi. Þegar ég sá lausa stöðu hér fannst mér fannst tilvalið að breyta aðeins til, prófa eitthvað annað en kennslustörf. Sé ekki eftir því.

**Áhugamál:** Elska útiveru og samveru með fjölskyldunni, hlaup og göngur.



**Nafn:** Kamil Jan Lewandowski

**Starf:** Menntaskólinn að Laugarvatni - Aðstoðarmaður í mötuneyti, vistavörður og formaður umhverfisnefndar, Ökuskólinn í Mjódd - Ökukennari, Pólski Skólinn í Reykjavík – Kennari.

**Fyrri störf:** Efstidalur II

**Menntun:** Háskóli - Háskólinn í Wrocław - landafræði og saga, sérhæfing kennslu og svæðisbundin landafræði og ferðapjónusta– meistaragráðu (MA), framhaldsnám með áherslu á: landbúnað, sveitastjórnir, menntastjórnun, stjórnunareftirlit, fákeppnisfræði og næringu.



**Hvað gerir þú í vinnunni?** Ég er að vinna með ungu fólki í Menntaskólinn að Laugarvatni, gef þeim máltíðir og held reglu á kvöldin. Auk þess rek ég umhverfisnefnd Menntaskólans að Laugarvatni. Í Ökuskólanum kenni ég verðandi rútu- og vörubílstjórum akstursöryggi og umferðarlög. Í pólska skólanum kenni ég börnum pólska landafræði og sögu.

**Hvaðan ertu?** Ég er frá Póllandi.

**Af hverju valdir þú að vinna við ML?** Mér finnst gaman að vinna með ungu fólki, í skólanum er starf mitt vel þegið og mér líður vel hér 😊

**Áhugamál :** Stjórnufræði og íþróttir.

## STARFSÞRÓUN

Í stefnumiðaðri áætlun ML til þriggja ára kemur fram það markmið að auka starfsþróun kennara og annars starfsfólks, efla mannleg samskipti og samvinnu. Í því augnamiði skal m.a. halda skrá um námskeið sem kennarar sækja, umbuna fyrir sí- og endurmenntun með hvata í stofnanasamningi og auka fræðslu á vegum skólans með því að halda 1-2 námskeið/erindi á önn.

## SÍMENNTUN OG ENDURMENNTUN

Kennarar í ML fara iðulega á endurmenntunarnámskeið og sækja málstofur og viðburði tengda kennslu eða sinni faggrein. Nokkrir eru að bæta við sig formlegri menntun, svo dæmi séu nefnd er Heiða Gehringer í listnámi, Leó Ingi Sigurðarson í kennsluréttindanámi og Jóna Katrín Hilmarsdóttir MPA námi tengdu stjórnun menntastofnana. María Carmen Magnúsdóttir og Jón Forni Snæbjörnsson fengu réttindi sem slökkviliðsmenn á árinu. Öll menntun eflir fagmennsku og þróun skólastarfsins.

Menntavísindasvið Háskóla Íslands bauð upp á vefnámskeiðið Framhaldsskólakennarinn á krossgötum: Hagnýt verkfæri náms og kennslu á vormánuðum. Freyja Rós, Karen Dögg, Leó Ingi og Áslaug sóttu námskeiðið, en það var byggt upp á þremur lotum;

Lota I: Kennarinn sem þekkingarsmiður á tímum margra framtíða

Lota II: Úr neyðarfjarkennslu í nám framtíðarinnar

Lota III: Hagnýt verkfæri leiðsagnarnáms: Endurgjöf og hvatning

Lota IV: Ekki gleyma nemandanum!

Um var að ræða starfsþróun framhaldsskólakennara með leiðsögn háskólakennara. Þátttakendur leiða hóp kennara í sínum skóla í samræður um hagnýt verkfæri upplýsingatækni fyrir nám og kennslu og um námsmat og endurgjöf. Úr námskeiðslýsingunni: *Markmið námskeiðsins er að efla þekkingu þátttakenda á sveigjanlegu námi og kennslu á tímum örrar þróunar upplýsingatækni, í heimsfaraldri – og ekki síst að honum loknum! Þátttakendur kynnast hagnýtum verkfærum náms og kennslu og öðlast færni í að leiða hópa samkennara í samtali um starfshætti, að prófa nýjar aðferðir og rýna og ræða hvernig gengur.*

Í lok námskeiðs, vorið 2021 var blásið til menntabúða þar sem þátttakendur deildu reynslu og þekkingu með samfélagi framhaldsskólakennara og öðrum áhugasömum. Fulltrúar ML á námskeiðinu sögðu frá því á starfendarannsóknarfundi í skólanum.

## STARFENDARANNSÓKNIR

Sjö starfendarannsóknarfundir voru haldnir á árinu þar sem níu kennarar voru með undirbúna kynningar og umræður. Starfendarannsóknarfundir eru í skóladagatalinu, Áslaug Harðardóttir sér um skipulag, mæting og þátttaka er afar góð.

Hver kynnir	Viðfangsefni	Dagsetning
María Carmen Magnúsdóttir	Matreiðsla í fjarkennslu.	12. janúar
Karen Dögg Bryndísardóttir	Að gefa nemendum tækifæri til að skila stóru verkefni aftur, leiðsagnarmat.	12. janúar
Sigurður Pétursson	Heimildaritgerðir í sögu og íslensku. Málstefna ML.	9. febrúar
Heiða Gehringer	Wevideo og myndlist	9. febrúar
Ásrún Ester Magnúsdóttir	Escape room	9. mars
Áslaug Harðardóttir, Freyja Rós Haraldsdóttir, Karen Dögg Bryndísardóttir og Leó Ingi Sigurðarson	Námskeið: Framhaldsskólakennarinn á krossgötum	9. mars
Gríma Guðmundsdóttir	Sniðug heimasíða í tungumálanámi	13. apríl
Vera Sólveig Ólafsdóttir og Leó Ingi Sigurðarson	Umhverfisfræði í 1. bekk	13. apríl
Margrét Elín Ólafsdóttir	Lesblindir nemendur, hjálpartæki	13. apríl
Ólína Þorvarðardóttir	Málstefna ML	31. ágúst
	Umræða um starfendarannsóknir vetrarins.	19. október
Karen Dögg Bryndísardóttir	Vinnustundir og leiðsagnarnám	23. nóvember
Ásrún Magnúsdóttir	Leiklist í tungumálakennslu	23. nóvember

## FRÆÐSLA INNANHÚSS FYRIR STARFSFÓLK ML

Hádegisfyrirlestri á Zoom varpað upp í fyrirlestrasalnum og hann auglýstur meðal alls starfsfólks skólans miðvikudaginn 14. apríl; Þorgerður Einarsdóttir prófessor í **kynjafræði** við Háskóla Íslands flutti erindið „Ekki er allt gull sem glóir: Ísland sem jafnréttisvörumerki“.

Fyrirlestur um **lesblindu** var haldinn fyrir kennara fimmtudaginn 21. október. Fyrirlesari Snævar Ívarsson frá Félagi lesblindra, klukkustundar erindi, spurningar og umræður í lokin.

Þriggja tíma námskeið var haldið fyrir allt starfsfólk fimmtudaginn 11. nóvember um **EKKO** mál – einelti, kynferðislega áreitni, kynbundna áreitni og ofbeldi. Hrefna Hugosdóttir sá um fræðsluna en hún er ráðgjafi hjá Auðnast og vinnur með í ýmsum stofnunum og íþróttafélögum að fræðslu og viðbragðsáætlunum.

## NÁM OG KENNSLA


## NEMENDUR

142 nemendur hófu nám á vorönn 2021, 43 drengir og 99 stúlkur. Vorið 2021 útskrifuðust 37 nemendur, 12 drengir og 25 stúlkur, 23 af félags- og hugvísindabraut (7 drengir og 16 stúlkur) og 14 af náttúruvísindabraut (5 drengir og 9 stúlkur).

Góð aðsókn var í skólann haustið 2021. Eins og sjá má á töflunni hér til hliðar var heildarfjöldi nýnema 53. Auk þess endurnirrituðust tveir eldri nemar. Eins og undanfarin ár hallar á karlpeninginn, en þeir voru um 26% nýnema á meðan stúlkur eru um 74%. Þetta er meiri munur heldur en haustið 2020. Það verður fróðlegt að sjá hver hlutföllin verða næsta haust. Í heildina voru 152 nemendur í skólanum við upphaf haustanna 2021. Drengir voru 41 og stúlkur 111.

Nýnemar í ML haust 2021 - kyn og bekkur

Bekkur	KK	KVK	Samtals
1F	6	23	29
1N	8	16	24
Samtals:	14	39	53




Hér sést fjöldi nemenda sem innritaðist í 1. bekk á árunum 2007-2021. Meðalfjöldi er rúmlega 49 (49,33). Haustið 2021 var aðsóknin góð, þótt hún hefði verið aðeins minni en árið áður.



Kynjaskipting alls nemendahópsins er mjög svipuð frá fyrra ári, eins og sést á myndinni hér fyrir neðan. Á myndinni má jafnframt sjá hvernig heildarfjöldinn hefur þróast síðustu ár. Vert er að hafa í huga að vorið 2018 útskrifuðust tveir árgangar, annar úr fjögurra ára kerfinu og hinn úr nýja þriggja ára kerfinu.

### Heildarfjöldi nemenda í ML 2017-2021



### NÁMSBRAUTIR – HEILDARFJÖLDI, KYN, BEKKUR

Í ML eru tvær námsbrautir; félags- og hugvísindabraut (F-bekkur) og Náttúruvísindabraut (N-bekkur). Eins og sjá má á töflunni hér fyrir neðan eru flestir bekkir þéttsetnir. Haustið 2021 var mikil aðsókn í skólann ekki komust allir umsækjendur að sem vildu. Umtalsvert fleiri umsækjendur voru þetta árið um félag- og hugvísindabraut. Haustið 2021 voru 81 nemandi á félags- og hugvísindabraut og 71 voru á náttúruvísindabraut.

Bekkur	KK	KVK	Samtals
1F	6	23	29
1N	8	16	24
2F	13	15	28
2N	5	20	25
3F	4	20	24
3N	5	17	22
<b>Samtals:</b>	<b>41</b>	<b>111</b>	<b>152</b>



Útivist er vinsæl valgrein í ML

## MÆTING

Mæting var svipuð og í fyrra. Á vorönn 2021 var meðalmæting 96% og meðalraunmæting 93% (90% árið 2020). Á haustönn 2021 var meðalmæting 96% og meðalraunmæting 91% (95% í fyrra). Í stefnumiðaðri áætlun ML til þriggja ára setti skólinn sér það markmið að í lok haustannar 2022 yrði meðalraunmæting 96%. Þar sem raunmætingin hefur dalað frá í fyrra þarf að spýta í lófana til að ná markmiðinu fyrir árið 2022. Liður í því er að taka upp nýtt eyktarskipulag frá og með haustönn 2022. Samkvæmt því verða vinnustundirnar felldar niður þannig að hver kennari fái þá lengri tíma með sínum nemendum. Lengd kennslustunda breytist og einnig mun kennsla hefjast aðeins seinna að morgninum.

## BROTTHVARF

Líkt og undanfarin ár hefur brotthvarf í ML verið lítið. Á vorönn 2021 hætti einn nemandi og enginn hætti á haustönn. Í stefnumiðaðri áætlun skólans til þriggja ára er markmiðið fyrir 2022 að ekki fleiri en tveir nemendur hætti í skólanum á miðri önn. ML er því á góðri siglingu hvað brotthvarf varðar.



*Nýnemar voru skírðir að vori 2021 þar sem Covid hindraði slíka samkomu í byrjun skólaárs*

## ENDURSKOÐUN NÁMSKRÁR

Veturinn 2020-2021 stóð yfir vinna meðal kennara og stjórnenda við endurskoðun áfangalýsinga og stefna að uppfærslu á námskrárgrunni. Endurskoðun námskrárinnar byggir á vinnu kennara og stjórnenda auk þess sem kallað var eftir viðhorfum útskriftarnema 2018, sem voru fyrst til að útskrifast í þriggja ára kerfinu í ML (sjá sjálfsmatskýrslu). Vinnudagur um námskrárbreytingar var haldinn 26. janúar 2021. Erindi og umræður voru um hvern grunnþátt menntunar, hæfnipætti og tíma á bakvið einingar. Kennarar fengu ráðrúm til að lesa yfir áfangalýsingar og bera saman bækur sínar. Vinnunni var fram haldið og í árslok 2021 lá mestur hluti uppfærðra áfangalýsinga fyrir.

Tilfærslur og breytingar þurfti að gera á uppbyggingu brautanna, þó ekki nema að litlu leyti, og verður uppfærð námskrá formlega tekin í gagnid hausti 2022. Samhliða þeirri breytingu verður gerð breyting á eytaskipulagi við Menntaskólann að Laugarvatni. Til stendur að taka út svonefndar vinnustundir úr stundatöflu og nemendum tryggður meiri tími með faggreinakennurum og um leið verður kennurum gefinn meiri tími til að stjórna tímum innan sinna faga. Vinnustundir verða þó áfram nýttar en með ólíku sniði en því sem áður var þar sem gefnir verða heilir vinnudagar, einn á hverri önn.

## NÁMSAÐSTAÐA OG FJÖLBREYTNÍ


Verk- og listkennslurými hefur nú verið hannað og verður verkið boðið út á vormánuðum 2022. Stefnt er að því að rýmið verði tekið í notkun haustið 2022 en um nokkrar tafir hefur verið að ræða á vinnu við rými vegna skipulagsbreytinga hjá Fasteignum ríkisins, sem er eigandi alls húsnæðis Menntaskólans að Laugarvatni. Stefnt er að því að auka fjölbreytni í valáföngum fyrir nemendur Menntaskólans að Laugarvatni með þessu nýja rými og geta þá veitt nemendum tækifæri til að rækta sínar skapandi hliðar samhliða bóknáminu.

Venju samkvæmt eru margar ferðir farnar yfir skólaárið en árið 2021 var það flóknara en almennt að halda úti ferðum og viðburðum í félagslífi nemenda. Á tímalínunni á næstu síðum er yfirlit yfir það hvernig Covid 19 markaði skólastarfið í ML á liðnu ári. Allra leiða var þó leitað til að finna lausnir. Þemadagar vorannar voru haldnir hátíðlegir en annar bragur var á gleðinni þar sem allir nemendur skörtuðu andlitsgrímum. Nemendur létu þó ekki ræna sig gleðinni og tóku virkan þátt á Dagamun og Dolla.



*Liðin flytja heróp sín á Dollanum*

## COVID TÍMALÍNA – ML 2021



## VERKEFNI OG ÁHERSLUR

### VERKEFNASTJÓRAR

Í skólanum starfa margar nefndir og ráð og verkefnastjórar eru yfir ákveðnum málaflokkum. Hér á eftir koma sýnishorn af því sem kom fram í skýrslum verkefnastjóra sem skilað var í júní 2021 og sagt er frá fleiri fréttæmum viðburðum sem tengjast hverjum málaflokki. Umfjöllunin er ekki tæmandi.

### UMHVERFISMÁL

ML hlaut Grænfánann í fimmta sinn í janúar. ML og Bláskógaskóla hlutu landgræðsluverðlaun ríkisins vegna verkefnis á Langamel. Nemendur í umhverfis- og vistfræði (LÍFF1UV4) tóku þátt í verkefninu “Ungir umhverfisfréttamenn” (YRE - Young reporters of the environment) vorið 2021 og voru sex verkefni send í keppnina. Eitt verkefni [hlaut verðlaun fyrir verkefnið sitt](#) sem fjallaði um [matarsóun](#). Haustið 2021 tók Kamil Lewandowski við af Heiðu Gehringer sem verkefnastjóri umhverfismála. Hann skipulagði, svo dæmi sé nefnt, 28 manna ferð í Ljósafosstöð 17. nóvember.



Heiða Gehringer og Guðni Sighvatsson tóku við Landgræðsluegginu



Innleiðing Græna skrefa í ríkisrekstri hafa verið á hendi Jónu Katrínar ásamt þeim starfsmönnum sem koma að innkaupum við stofnunina. Í mörg horn er að líta þegar uppfylla skal Grænu skrefin og hefur ruslaflokkun, matarsóun og vistvænir ferðamátar verið helsta áhugamál þeirra sem unnið hafa hvað mest að umbótum í umhverfismálum við skólann.

Í tengslum við Grænu skrefin hlaut Menntaskólinn að Laugarvatni gull í Hjólavottun og telst því hjólavænn vinnustaður. Innleiðing hjólavottunar felur í sér ýmislegt, t.a.m. hefur starfsfólk Menntaskólans nú góðan afslátt af þjónustu hjá GÁP og Menntaskólinn bauð starfsfólki frían flutning á reiðhjólum til GÁP til árlegrar skoðunar og yfirferðar á vormánuðum 2021.



## JAFNRÉTTISMÁL

Jafnrétti sem grunnþáttur menntunar var tekinn fyrir á fundi kennara í lok janúar. Freyja og Karen fóru yfir skilgreiningar á hugtökum og ástæður þess að þetta kemur okkur öllum við. EKKO stendur fyrir einelti, kynferðislega áreitni, kynbundna áreitni og ofbeldi. Það snertir jafnrétti að EKKO sé í lagi því einelti og áreitni þrífast í samhengi við mismunun og jaðarsetningu. Hrefna Hugosdóttir, ráðgjafi hjá Auðnast, hélt m.a. fræðslufyrirlestur fyrir nemendur að vori og starfsfólk að hausti. Hafin var vinna við endurskoðun EKKO verkferla. Dansað var gegn ofbeldi í febrúar. Hinseginfélagið Yggdrasill hélt stofnfund sinn í september og skipulagði glæsilega hinseginviku í nóvember. Skýrslu jafnréttisfulltrúa fyrir veturinn 2020-2021 má nálgast á heimasíðu skólans.



Skólinn gaf borðfána til félagsins Yggdrasils sem stofngjöf í hinseginviku ML

## KYNNINGARMÁL

Í febrúar og mars skipulagði verkefnastjóri kynningarmála, Gríma Guðmundsdóttir, heimsóknir í sjö grunnskóla á Suðurlandi. Vegna Covid fór ein kynning fram í gegnum Teams og tveir skólar fengu sent kynningarefni en ekki heimsókn. Byrjað var á nýju kynningarmyndbandi í samvinnu við Leó Inga Sigurðsson kennara við ML. Verkefnastjóri kynningarmála, sem jafnframt er náms- og starfsráðgjafi sá um að taka á móti gestum, grunnskólanemum og forráðamönnum í einstaka heimsóknir í ML.

Í lok október kom fjöldi nemenda úr 9. og 10. bekk grunnskóla á Suðurlandi á kynningardag í ML. Þeim var boðið á Blítt og létt um kvöldið, undankeppni ML fyrir söngvakeppni Framhaldsskólanna.



Blítt og létt 2021

## HEF OG FORVARNARMÁL

María Carmen verkefnastjóri Heilsueflandi framhaldsskóla og forvarnarfulltrúi vann í gátlistum HeF inn á heimasíðu heilsueflandi.is, í samvinnu við gæðastjóra. Geðheilbrigðis-gátlistinn var kynntur á kennarafundi og kennarar beðnir um að svara þeim lista í formkönnun sem kom vel út og góðar umræður spruttu fram fyrir og á meðan á könnuninni stóð.

Vímuefnafundur var haldinn í mars, með skólameistara, starfsfólki heimavistar, fulltrúa FOMELS og gæðastjóra þar sem við fórum yfir niðurstöður úr könnun Rannsóknar og greiningar um vímuefnanotkun framhaldsskólanemenda á landinu öllu. Starfsfólk skólans fékk hvatningu til að taka þátt í Lífshlaupinu og starfsfólk gat nýtt standbretti ML og Smára á vordögum.

*„Allir nemendur Menntaskólans að Laugarvatni tóku í vikunni þátt í viðamikilli forvarnarskrá sem bar yfirheitið „Ábyrg í umferðinni“. Partur af dagskránni var sviðsett slyss sem fékk hárin til að rísa.“* mátti lesa í frétt á vef RÚV. Verkefnastjóri HeF skipulagði viðburðinn með Brunavörnum Árnessýslu, lögreglunni í Árnessýslu, fulltrúa frá Samgöngustofu og tryggingaráðgjafa.



*Leikfélagið tók þátt í sviðsetningu slyss á forvarnardegnum „Ábyrg í umferðinni“*

## KÓRINN

Kórinn er valgrein og fá því nemendur einingar fyrir það val og alveg augljóst að það er vinsælt val. Veturinn 2020-2021 voru 125 af 141 nemenda skólans í kórnum og er þetta langstærsti framhaldsskólakór landsins. Að venju voru æfingar tvisvar í viku, farið í æfingabúðir einu sinni á önn, haldnir vortónleikar og jólatónleikar, ásamt einstaka viðburðum sem sungið var á. Enda er það líka stór partur af félagslífi skólans, að taka þátt í kórnum, fara í kórferðalög og spila á tónleikum. Ávallt er uppselt á tónleika kórsins svo það er óhætt að segja að þetta er góður kór undir stjórn Eyrúnar Jónsdóttur. Í kórnum eru líka nemendur sem spila á hljóðfæri og fá þau oft að njóta sín á viðburðum.



*Grímuklæddir nemendur í hópefli kórs ML í mars 2001*



*Kórinn æfir með grímurnar*

Þrátt fyrir Covid-19 var æft eins mikið og hægt var eftir áramót og kórnum þá skipt niður í minni hópa. Nemendur á 3. ári fóru í kórferðlag í Borgarfjörð byrjun apríl. Vegna samkomutakmarkana var ekki hægt að halda hefðbundna vortónleika í Skálholtskirkju þá voru tekin upp myndbönd með tveimur lögum með hverjum kórhóp fyrir sig og þau sett á heimasíðu skólans þar sem fólk var hvatt til að styrkja kórinn fyrir næsta skólaár þar sem stefnt var á Ítalíuferð næsta skólaár (í apríl 2022 en henni var aflýst vegna Covid). Jólatónleikarnir voru líka með óhefðbundnu sniði, í beinu streymi úr Skálholtskirkju.



*Kórtónleikar í beinu streymi frá Skálholti*



## BÓKASAFNIÐ

Valgerður Sævarsdóttir, forstöðumaður bókasafns ML tekur fram að í raun er upplýsingaver kannski réttara nafn en bókasafn, þar sem hægt á að vera að nálgast upplýsingar á hvers kyns formi. Vegna Covid var starfsemi safnsins skert á köflum. Þau tímabil sem skólastarf var nokkuð eðlilegt og hópaskipting ekki eins ströng, var bókasafnið vel nýtt af nemendum til náms, og heimilda- og upplýsingaöflunar. Skráð ársútlán verið að jafnaði í kringum 1600-1800. Skólaárið 2020-2021 (til loka maí) voru þau 1.137. Inni þessari tölu eru öll útlán; innan ML, til leik- og grunnskóla og nemenda þar og til almennings.

## UPPLÝSINGATÆKNI

Verkefni verkefnastjóra upplýsingatækni, Elínar Jónu Traustadóttur, eru margvísleg en lúta að mestu leiti að vinnu við tölvukerfi skólans, viðhald og endurbætur á tölvum og búnaði, viðhald á Moodle námsumsjónarkerfinu, viðhald og uppfærsla heimasíðu, ásamt því að veita aðstoð og miðla þekkingu til starfsmanna og nemenda skólans.

Í lok maí var ML annar skólinn, á eftir Flensborg, til að færa O365 kerfið sitt yfir í Menntaskýið. Undirbúningur var talsverður ásamt því að verkefnastjóri sat í stýrihóp fyrir verkefnið sem fundaði vikulega.

Regluleg uppfærsla á heimasíðunni fór fram allt árið en á haustmánuðum hófst gagnger endurnýjun í nútímalegra horf, t.d. fyrir farsíma.

## GÆÐAMÁL, TÆKNIMÁL OG FLEIRA

Vikulega verkefnastjórnafundi sitja gæðastjóri, skólameistari, áfangastjóri, verkefnastjóri upplýsingatækni, forstöðumaður bókasafns og skólafulltrúi/ritari. Meðal áhersluverkefna á síðasta ári voru áframhaldandi innleiðing á gæðakerfi og málakerfi, verklagsreglur/vinnulýsingar, ýmsar reglur og stefnur, endurskoðun námskrár, uppfærsla heimasíðunnar og persónuverndarmál skólans. Fundargerðir eru vistaðar í fundargerðarmöppu í kennarahópnum á Teams.

## INNRA OG YTRA MAT

Gæðastjóri er formaður sjálfsmatsnefndar og annast innra mat skólans. Nefndin fundar um fjórum sinnum á vetri, uppfærir áætlun til þriggja ára, undirbýr kannanir, vinnur úr niðurstöðum og setur fram umbótaáætlun. Á heimasíðu skólans má finna skýrslu um sjálfsmat 2020-2021 og umbótaáætlun vegna innra mats. Meðal þess sem hefur áunnist er endurskoðun verkferla og fræðsla í EKKO málum, samstarf við Heilsugæsluna með heimsókn hjúkrunarfræðings og aukin fræðsla um heilsueflingu (forvarnir) á skólaskjá. Nánar verður fjallað um þetta í skýrslu um sjálfsmat 2021-2022 sem birt verður í júní.

Ytra mat fór síðast fram á vorönn 2018. Greinargerð var skilað til ráðuneytisins 1. nóvember og framvinda umbóta rædd á skólafundi með þeim 8. nóvember. Verkefnum er ýmist lokið eða í eðlilegu ferli. Endurskoðun námskrár og bæting á aðstöðu til náms og félagslífs er það helsta sem enn er unnið að. Ytra mat mun fara fram næst í ML haustið 2023.

## FRAMKVÆMDIR

Sumarið 2021 voru framkvæmdir við aðalbyggingu Menntaskólans á lokastigum. Lokið var við að skipta um klæðningu, skipta um alla glugga í byggingunni, mála og lagfæra múrverk. Sumarveðrið var nýtt til að skipta um þak á húsinu öllu og því öllu lokið nema þá að mála nýja þakið. Gert er ráð fyrir að þakmálning verði borin á sumarið 2022. Telst þessum miklu framkvæmdum við aðalbyggingu skólans þá lokið. Um mikla andlitslyftingu er að ræða fyrir virðulegt skólahúsið sem skartar nú sínu fegursta við rætur Laugarvatnsfjalls.



*Menntaskólinn að Laugarvatni að loknum framkvæmdum*

## ÁRIÐ 2021 Í HNOTSKURN

## JANÚAR

## 27. janúar

ML fékk fimmta Grænfánann sinn við hátíðlega athöfn.

## FEBRÚAR

## 15. febrúar

Ný stjórn nemendafélagsins kjörin. Ásta Ivalo stallari.

## MARS

## 4. mars

Myndlistarferð á nokkur listasöfn í Reykjavík.

## 16-17. mars

Dagamunur – uppbot með námskeiðum, fyrirlestur og ýmsum upptökum.

## 18. mars

Dollinn – liða og þrautakeppni

## APRÍL

ML og Bláskógaskóli hljóta Landgræðsluverðlaunin 2021, „landgræðslueggið“.

## MAÍ

## 11. maí

Dimissio – dimmittendur kvöddu skólann sinn og starfsmenn.

## 12. maí

Hópur í umhverfis- og vistfræðiáfangu hlýtur verðlaun í samkeppninni YRE

## 22. maí

37 nýstúdentar brautskráðir frá ML.

## JÚNÍ



Samkomulag gert við UMFLum körfubolta-æfingar næsta vetur.

Yfirfærsla tölvuperfis skólans í Menntaskýið í umsjón Háskóla Íslands



## ÁGÚST

## 23. ágúst

Nýnemar mættu á Laugarvatn, 53 talsins.

## SEPTEMBER

## 7. september

Málstefna ML bítt á vefnum.



## 24. september

Hjúkrunarfræðingur frá heilsugæslunni kom með fræðslu fyrir 1. og 2. bekk.

## 28. september

53 nemendur tóku þátt í stærðfræðikeppni framhaldsskólanema.

Stærðfræðikeppni framhaldsskólanema

## OKTÓBER

## 6. október

„Ábyrg í umferðinni“, fræðsla og sviðsett slys.



## 21. október

Jafnréttisstofa veitir ML heimild til að nota jafnlaunamerkið.

## 28. október

Kynningardagur og Blítt og létt söngvakeppnin. Freyja Benónýs vann með lagið *Distance*.

## 31. október

Umfjöllun í Landanum á RÚV um árlega Njáluferð 2. bekkjar.

## NÓVEMBER

## 11. nóvember

Priggja tíma námskeið fyrir allt starfsfólk um einelti, kynferðislega áreitni, kynbundna áreitni og ofbeldi.

## 19. nóvember

Hópur ML-inga hlaut 2. sæti í spunakeppninni *leiktu betur*.

## 20.-21. nóvember

Leikritið Menntavegurinn eftir Gísellu Hannesdóttur sýnt á Ungleik í Borgarleikhúsinu.

## 14.-20. nóvember

Þrír nemendur og tveir kennarar ferðast til Portúgal vegna Erasmus verkefnisins Show.

## 25. nóvember

Jólatónleikar kórs ML í beinu streymi frá Skálholti.

## DESEMBER

Fjórdá græna skrefinu lokið.

